



Fréttabréf Álfhólsskóla

4. tbl. Janúar – febrúar 2011

1. Skólastarfið

Mikið hefur verið um að vera í skólastarfinu það sem af er nýju ári. Hér er yfirlit yfir helstu viðburði skólastarfsins frá áramótum. Myndir fréttabréfsins og margar fleiri, má finna á heimasíðu Álfhólsskóla:

<http://www.flickr.com/photos/alfholsskolamyndir>.

Reykjaferð 7. bekkja

Dagana 17. – 21. janúar síðastiðinn fóru nemendur 7. bekkja Álfhólsskóla í skólabúðirnar á Reykjum í Hrutafirði. Áhersla var lögð á náttúrufræði, ratleiki, íþróttir og sund. Nemendur heimsóttu byggðasafnið og smökkuðu á hákarli. Starfsfólk Reykja sá einnig til þess að allir gætu fylgst með "Strákunum okkar" í handboltanum.

Ferðin tókst í alla staði vel og þakkar Álfhólsskóli bæði foreldrum og kennurum fyrir alla veitta aðstoð og liðveislu og nemendum fyrir frábæra frammistöðu. Á vefsíðu skólabúðanna má skoða myndir frá dvölinni <http://www.skolabudir.is/index.php?>



Leikskólinn Fagrabrekka í heimsókn

Föstudaginn 28. janúar kom fríður hópur úr leikskólanum Fögrubrekku í heimsókn og tók þátt í tónmenntatíma með nemendum í 1. bekk.

Þar var bæði sungið og dansað undir dyggri stjórn Þórdísar, tónlistarkennara í Digranesi og Asako, tónlistarkennara í Fögrubrekku.



Hundraðdagahátíð í 1. bekk

Fyrsti bekkur hélt *Hundraðdagahátíð* mánudaginn 31. janúar en þá voru nemendur búnir að vera alls 100 daga í skólanum. Unnið var með töluna hundrað á fjölbreyttan hátt, t.d. búnar til keðjur úr hundrað hlekkjum og hálsfestar úr hundrað perlum.



Vettvangsferð 4. bekkja í Mjólkursamsöluna

Fjórdi bekkur heimsótti Mjólkursamsöluna mánudaginn 24. janúar. Nemendur fengu að fara í framleiðslusalinn eftir að hafa klætt sig í viðeigandi sloppa, skóhlífar og hárnét og fylgjast með þökkun á mjólk og íspinnum. Að lokinni vettvangsskoðun var öllum boðið upp á kleinur, kex, mjólk og íspinna og fengu út sundpoka að gjöf. Álfhólsskóli þakkar Mjólkursamsölnunni kærlega fyrir höfðinglegar móttökur.



Íslandsmeistari barna í skák

Nemendur Álfhólsskóla hafa unnið glæsilega sigra undanfarið. Dawid Kolka, nemandi í 5.SÓ, vann Íslandsmeistaratitil barna 10 ára og yngri helgina 8. og 9. janúar og A-sveit Álfhólsskóla, skipuð Töru Sóleyju, Sonju Mariu, Karen Ýr og Lilju Andreu, vann síðan til bronsverðlauna á Íslandsmóti stúlknasveita í skák sem fram fór laugardaginn 5. febrúar 2011. Álfhólsskóli óskar þeim öllum til hamingju með þennan frábæra árangur



Leikhúsfærð 9. og 10. bekkja

Nemendum í 9. og 10. bekk skólans var boðið í Kassann í Þjóðleikhúsinu 25. janúar til að sjá leikverkið *Hvað ef?* Í leikritinu eru settar fram ýmsar spurningar varðandi lífshætti fólks. Þetta er forvarnarverk þar sem athyglinni er beint að fíkniefnum. Unglingarnir voru áhugasamir um verkið og það vakti upp ýmsar spurningar.

Bóndadagur

Bóndadagurinn, 21. janúar, var haldinn hátíðlegur í Álfhólsskóla. Nemendur og starfsfólk mættu í lopapeysum sem gaf deginum þjóðlegt yfirbragð. Nemendur smökkuðu á þorramat og unnu þjóðleg verkefni með kennurum sínum.

Tónmenntakennarar stýrðu söngstund á sal þar sem sungin voru þorralög við undirleik nemenda skólans.



Söngvakeppni ÍTK



Bergrós Halla Gunnarsóttir og Karel Candi, nemendur í 10. bekk Álfhólsskóla sigruðu í söngvakeppni ÍTK sem haldin var í Salnum í Kópavogi 19. janúar. Níu félagsmiðstöðvar tóku þátt í keppninni með jafn mörgum liðum. Þrjú efstu liðin munu keppa fyrir hönd Kópavogs í söngvakeppni Samfés sem haldin verður í Laugardalshöll í byrjun mars. Álfhólsskóli óskar Bergrós og Karel til hamingju með sigurinn og góðs gengis í Samfés!

Tilnefning til Norrænu barnabókaverðlaunanna

Þriðjudaginn 18. janúar fór fram tilnefning til Norrænu barnabókaverðlaunanna í Álfhólsskóla þar sem *Bókasafn ömmu Huldar* eftir Þórarin Leifsson var valin framlag Íslands þetta árið. Allir nemendur í fimmta bekk komu að dagskránni sem var afar hátíðleg, þau sungu, kváðu rímur og lásu kafla úr bókinni.



Náttúran og nýting hennar

Náttúran og nýting hennar heitir valgrein í 9.- 10. bekk. Nemendur byrja á tálgun og nýtingu á skógarafurðum, síðan taka við fluguhnýtingar og hestamennska og að lokum stendur nemendum til boða að fara í veiði. Hópurinn í vetur er sérlega áhugasamur og undirbýr af kappi veiðina í vor.



2. Þróunarverkið Læsi í 2. – 7. bekk

Nú er fyrri hluta verkefnisins Læsis á þessu skólaári lokið. Viðhorfskönnun um vixllestur var send foreldrum 2. – 4. bekkjar í desember og lauk henni í janúar. Um 70% foreldra gáfu sér tíma til að svara og vill Álfhólsskóli þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna. Könnunin er liður í þróunarverkefninu og gerir okkur kleift að meta bæði árangur og ánægju foreldra og nemenda með verkefnið og laga það sem betur má fara. Verið er að vinna úr niðurstöðum þessa dagana og verða þær birtar í næsta fréttabréfi.

Seinni hluti verkefnisins hefst um miðjan febrúar. Í 4. -7. bekk verður m.a. unnið með lestrarfærni, lesskilning og stafsetningu.

3. Samkeppni um merki Álfhólsskóla

Ákveðið hefur verið að framlengja samkeppni um gerð merkis (lógó) fyrir skólann til **20. maí**. Samkeppnin er opin öllum nemendum, starfsfólki og aðstandendum nemenda skólans.

Merkið verður eign Álfhólsskóla og þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Vera einfalt.
- Hafa í sér að hámarki 3 lit.
- Vera prenthæft í einum lit (þó að það sé í fleiri litum).
- Geta staðið á mismunandi lituðum bakgrunni.

Hafa þarf í huga að lógó er prentað á mismunandi hluti, t.d. bréfsefni, umslög, penna, boli, fána, bækur, sundpoka, töskur o.fl. og þarf að taka sig vel út á þeim öllum. Dómnefnd verður skipuð fulltrúum skólaráðs ásamt einum myndmenntakennara skólans. Dómnefnd hefur leyfi til að ákveða hvort einhver af innsendum tillögum verður valin sem merki skólans eða hafna öllum tillögum ef hún metur þær ekki hæfar. Til stendur að veita vinningshafa viðurkenningu við hátíðlega athöfn þegar úrslitin verða gerð opinber.

4. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa




Niðurstöður samræmdra könnunarprófa hafa verið birtar og má nálgast yfirlit þeirra á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins:

http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/fyrstu_nidurst_10bekk/fyrstu_nid_10.pdf.

10. bekkur Álfhólsskóla er 0,1 yfir meðallagi í ensku miðað við höfuðborgarsvæðið og 0,4 yfir meðallagi miðað við allt landið. Í stærðfræði er Álfhólsskóli með sama meðaltal og höfuðborgarsvæðið og 0,3 hærri en landið. Í íslensku er 10. bekkur 0,1 undir meðallagi miðað við höfuðborgarsvæðið og í meðallagi miðað við landið.

7. bekkur er vel yfir meðallagi í stærðfræði, 0,22 miðað við höfuðborgarsvæðið og 0,42 miðað við landið. Í íslensku er 7. bekkur 0,06 yfir meðallagi miðað við landið og 0,04 lægri en höfuðborgarsvæðið.

4. bekkur er hins vegar undir meðallagi, í íslensku 0,1 lægri en landið og höfuðborgarsvæðið og í stærðfræði 0,3 lægri miðað við landið og 0,4 lægri en höfuðborgarsvæðið.



Niðurstöður samræmdra könnunarprófa verða notaðar markvisst til að bæta skólastarfið og er þegar hafin vinna innan skólans með kennurum og stjórnendum sem miða að því.

5. Stefnumótun Álfhólsskóla

Starfsfólk Álfhólsskóla hóf störf eftir jólaleyfi með þátttöku í stefnumótunardegi þann 3. janúar undir stjórn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar, dósents við HÍ. Starfsfólki var skipt upp í hópa og unnið var með gildi ásamt greiningu á ytri og innri þáttum í starfsemi skólans (SVÓT). Einnig svaraði starfsfólk spurningunum: „Hvernig hefur sameiningin gengið?

– Hvað hefur tekist vel? Hvað þarf að bæta?“ og „Hversu vel gengur mér að sinna verkefnum mínum? – Hvað hindrar/hjálpar?“. Starfsfólk var einnig beðið um að gefa skólanum „einkunn“ og setja fram tillögur um hvað gera þyrfti til að hækka þá einkunn. Úrvinnslu fundarins er svo til lokið og verða niðurstöður kynntar á starfsmannafundi þann 17. febrúar og síðan birtar á heimasíðu Álfhólsskóla.



Mánudaginn 14. mars verður efnt til sameiginlegs vinnufundar foreldra og starfsfólks um stefnumótun skólans. Fundarboð verður sent öllum foreldrum í netpósti er nær dregur og eru foreldrar eru hvattir til að fjölmenna þann dag og hafa þannig áhrif á stefnumótun Álfhólsskóla.

Á döfinni

Vetrarleyfi

Vetrarleyfi í Álfhólsskóla verður dagana 24. og 25. febrúar.

Skipulagsdagur

Mánudaginn 14. mars er skipulagsdagur kennara og sameiginlegur vinnufundur foreldra og starfsfólks um stefnumótun skólans.

8. febrúar 2011

Sigrún Bjarnadóttir og Magnea Einarsdóttir
Skólastjórar Álfhólsskóla



Verk nemenda í myndmennt í 8. bekk, unnar út frá sjálfsmyndum í anda Poplistar.